

**„Við munum ekki
styðja þig með
neinum hætti, þú
þarft bara að gera
þetta sjálf“**

*Upplifanir og reynsla ungra NEET-
kvenna af erlendum uppruna*

Rannsókn þessi var styrkt af Jafnréttissjóði Íslands



JAFNRÉTTISSJÓÐUR
ÍSLANDS



„Við munum ekki styðja þig með neinum hætti, þú þarft bara að gera þetta sjálf“: Upplifanir og reynsla ungra NEET-kvenna af erlendum uppruna.

Útgefandi: Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins

Ábyrgðaraðili: Kristín Heba Gísladóttir

Höfundur: Adda Guðrún Gylfadóttir

Gagnaöflun og úrvinnsla gagna: Adda Guðrún Gylfadóttir, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir og Kristín Heba Gísladóttir

Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík

Sími: 535 5629

Netfang: rannvinn@rannvinn.is

Vefsíða Vörðu: rannvinn.is

ISBN: 978-9935-9588-6-0

© Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2021

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	1
Abstract.....	2
1 Inngangur.....	3
1.1 Fræðileg úttekt og staða þekkingar	3
2 Aðferðir og gögn	7
2.1 Viðmælendur.....	7
2.2 Framkvæmd.....	7
2.3 Úrvinnsla	8
2.4 Siðferðileg álitamál og helstu takmarkanir	8
3 Niðurstöður.....	10
3.1 Samfélagslegar hindranir.....	10
3.2 Stofnanabundnar hindranir.....	14
Aðgangsstýring að þjónustu og gæðum í samfélaginu.....	14
Aðgangsstýring að íslenskum vinnumarkaði.....	17
Aðgangsstýring að íslensku menntakerfi.....	18
4 Umræður og lokaorð.....	21
Heimildaskrá.....	23

Útdráttur

Undanfarna áratugi hefur orðið fjölgun í hópi svokallaðra NEET-ungmenna, það er þeirra sem stunda hvorki nám né atvinnu, í nær öllum aðildarríkjum OECD. Ungmennni af erlendum uppruna eru sérstaklega varnarlaus gagnvart þessari þróun og eru vísbendingar um að staða kvenna sé sérstaklega slæm. Markmið þessarar rannsóknar er að veita innsýn í upplifun og reynsluheim NEET-kvenna af erlendum uppruna með það fyrir augum að varpa ljósi á þær hindranir sem eru í vegi þeirra og koma í veg fyrir fulla samfélagslega þátttöku. Til grundvallar rannsókninni liggur rýnihópsviðtal við fimm ungar innflytjendakonur sem eru annaðhvort í NEET-hópnum eða hafa verið það áður. Rannsóknin byggist á eigindlegri nálgun og þemagreiningu viðtalsins.

Niðurstöðurnar sýna að konurnar búa við margþættar hindranir í íslensku samfélagi í gegnum kerfisbundna aðgangsstýringu og útilokun sem hvílir einna helst á tveimur tegundum hindrana. Í fyrsta lagi samfélagslegar hindranir sem tengjast viðhorfi og viðmóti Íslendinga í garð innflytjenda sem konurnar upplifa niðurlægjandi og útilokandi. Í öðru lagi stofnanabundnar hindranir sem virðast aftra konunum einna helst frá ríkri samfélagslegri þátttöku. Birtingarmyndir þessara hindrana eru sömuleiðis fjölþættar og tengjast vinnumarkaði, menntakerfi og aðgengi að öðrum gæðum samfélagsins í gegnum kröfu um íslenskukunnáttu og svo fjárhagslegar hindranir. Krafan um íslenskukunnáttu er sömuleiðis rauður þráður í öllum frásögnum þeirra og tengist samfélagslegum og stofnanabundnum hindrunum órjúfanlegum böndum.

Efnisorð: ■ NEET-konur ■ kyngervi ■ innflytjendur ■ hindranir

Abstract

Most of the OECD member states have seen elevated numbers of inactive youths, or the so-called NEETs (i.e., neither employed, in education or training) over the last few decades. Young people of a foreign origin are especially vulnerable to this development. The objective here is to gain insights into the realities and experiences of female immigrant NEETs in Iceland. Attempting to elucidate the obstacles the women face in Icelandic society, a qualitative approach was adopted using a focus group method as well as a thematic analysis.

The main findings indicate that the women experience complex and interactive obstacles which exclude them from Icelandic society. In other words, systematic societal and institutional processes, specifically the language barrier, seem to jointly exclude these women from society. Furthermore, the thematic analysis illustrated the two main categories of obstacles which emerged from the interview. Firstly, social hindrances, which are mounted on negative attitudes and opinions towards immigrants. Secondly, institutional hindrances, which particularly seem to restrain the women from comprehensive social participation. The manifestations of institutional hindrances are many-sided and relate to the labour market, the educational system and accessibility to other societal goods through the demand of Icelandic language skills and economic barriers. The demand of linguistic skills in Icelandic is a red thread which repeatedly emerged in the women's narratives and seems to be associated to both social, institutional and economic obstacles.

Keywords: ■ NEET women ■ gender ■ immigrants ■ obstacles

1 Inngangur

Undanfarna áratugi hefur dregið úr atvinnuþátttöku ungmenna í nær öllum aðildarríkjum OECD. Samhliða þeirri þróun hefur hlutfall óvirkra ungmenna, eða „NEET-ungmenna“ einnig aukist (Carcillo o.fl., 2015). Hugtakið NEET (e. *neither in employment nor in education or training*) vísar til einstaklinga sem eru utan vinnumarkaðar og ekki í námi (Liszka og Walawender, 2018; OECD, 2021).

Aukning í hópi NEET-ungmenna dreifist þó ekki jafnt yfir alla félagshópa og hafa rannsóknir til að mynda sýnt að ungt fólk af erlendum uppruna sé töluvert útsettara gagnvart því að falla brott úr námi og/eða að ná ekki fótfestu á vinnumarkaði, það er að lenda í NEET-hópnum. Nýleg rannsókn Vörðu (2021) sýnir til dæmis að umfang NEET-hópsins árið 2020 var töluvert meira meðal fólks af erlendum uppruna en meðal „innfæddra“. Að sama skapi sýna niðurstöður þeirrar rannsóknar að hlutfall íslenskra kvenna á aldrinum 16-24 ára í NEET-hópnum var 8,6% en 11,8% hjá innflytjendakonum. Það er því ljóst að aðstæður kvennahópanna tveggja í íslensku samfélagi eru töluvert ólíkar.

Tilgangur þessarar rannsóknar er að veita innsýn inn í reynsluheim og upplifanir ungra NEET-kvenna sem eru innflytjendur á Íslandi. Markmiðið er enn fremur að varpa ljósi á þær hindranir sem mæta ungum óvirkum innflytjendakonum í íslenskum samfélagi. Rannsóknin byggist á rýnihópsviðtali við fimm ungar konur á aldrinum 24-28 ára sem eru allar innflytjendur á Íslandi með reynslu af því að vera í NEET-hópnum.

Umfjöllunin hefst í kafla 1.1 á fræðilegri úttekt þar sem staða þekkingar á sviðinu er rædd. Í kjölfarið er greint frá þeim aðferðum og gögnum sem nýtt voru í rannsókninni auk þess sem viðmælendur og bakgrunnur þeirra er kynntur stuttlega. Greint er frá niðurstöðum í kafla þrjú sem skiptist í tvo undirkafla. Loks eru umræður og lokaorð í kafla fjögur.

1.1 Fræðileg úttekt og staða þekkingar

Afleiðingar þess að vera í NEET-hópnum geta verið mjög alvarlegar. Það virðist hafa nokkuð forspárgildi um framtíðaratvinnumöguleika og tækifæri ungmenna. Þannig er hætt við því að ungt fólk festist til lengri tíma í NEET-hópnum, einkum ef þau búa yfir lítilli menntun eða takmarkaðri starfsreynslu. Að sama skapi er vanvirkni NEET-ungmenna ekki einstaklings- eða tímabundið ástand þar sem möguleikar þessa hóps á fastri atvinnu eru minni en hjá öðru ungu fólki. NEET-hugtakið vísar þannig til einstaklinga sem skortir félagsauð sem alla jafna fæst í gegnum menntun og atvinnuþátttöku. Skortur á félagsauði veldur því svo að hópurinn stendur ekki jafnfætis við önnur ungmenni og tækifæri þeirra eru í takt við það. Innan félagsvísindanna

er þetta ferli kallað öráhrif (e. *scar effect*) og vísar til þess að það að hafa verið í NEET-hópnum hafi áhrif á framtíðartækifæri og möguleika fólks og er í þeim skilningi eins og sár sem kemur til með að gróa en örið eftir það verður áfram til staðar (Ruesga-Benito o.fl., 2018).

Rannsóknir benda enn fremur til þess að langvarandi vanvirkni ungs fólks af þessu tagi stuðli að félagslegri og fjárhagslegri fátækt. Að sama skapi er hópurinn sérstaklega varnarlaus gagnvart félagslegri einangrun (Guðný Björk Eydal og Björk Vilhelmsdóttir, 2019; OECD, 2021). NEET-ungmennirnir eiga einnig erfiðara með að takast á við efnahagslegar afleiðingar stöðu sinnar en aðrir félagshópar þar sem þau eru ólíklegri til að eiga uppsafnaðan sparnað og eiga jafnvel minni réttindi í velferðar- og félagslegum kerfum (Carcillo o.fl., 2015).

Það eru ýmsir ytri áhrifaþættir sem hafa áhrif á umfang NEET-hópsins og til að mynda fjölgar að jafnaði í hópi ungmenna sem eru hvorki í námi né starfandi í kjölfar efnahagsþrenginga (Carcillo o.fl., 2015). Við slíkar aðstæður verða þau sem hafa minnsta starfsreynslu eða starfa í óstöðugum og sveiflukenndum geirum atvinnulífsins gjarnan í hópi þeirra sem finna fyrst fyrir afleiðingum efnahagsþrenginga og atvinnuleysi því útbreiddara meðal þessa hóps en annarra. Ungt fólk er að hefja starfsferil sinn og því ekki óeðlilegt að störfin sem bjóðist hópnum séu ótryggari en önnur og að lítil starfsreynsla sé fyrir hendi. Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 hefur ungt fólk til dæmis staðið frammi fyrir töluverðu varnarleysi á vinnumarkaði og atvinnuleysi þeirra verið verulega útbreitt í samanburði við aðra hópa (Carcillo o.fl., 2015; Ruesga-Benito o.fl., 2018).

Þegar litið er til Íslands hvað þetta varðar er tilhneigingin sú sama. Atvinnuleysi meðal ungs fólks á aldrinum 16-24 ára jókst til að mynda hlutfallslega meira en hjá þeim sem voru 25-64 ára í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008. Að sama skapi hefur atvinnuleysi hópsins að jafnaði verið töluvert útbreitt í samanburði við eldri hópana líkt og langtímaþróun atvinnuleysis á Íslandi hefur sýnt. Árið 2009 voru til dæmis 17,9% ungs fólks á aldrinum 16-24 ára atvinnulaus en 6,2% í hópi 25-64 ára (Hagstofa Íslands, 2021). Samhliða þessari þróun hefur umfang NEET-hópsins aukist og sér í lagi fjölgað í hópi langtíma NEET-ungmenna í nær öllum aðildarríkjum OECD undanfarna áratugi (Carcillo o.fl., 2015; Ruesga-Benito o.fl., 2018). Þetta bendir til þess að aukning í hópi NEET-ungmenna sé samfélagslegur vandi en ekki einstaklingsbundið vandamál sem tengist á einhvern hátt persónulegum einkennum eða eiginleikum þess óvirka (Ruesga-Benito o.fl., 2018).

Staða kvenkyns ungmenna af erlendum uppruna er sérstakt áhyggjuefni. Annars vegar í ljósi þess að ungmenni af erlendum uppruna búa almennt við verri skilyrði á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt en innfædd ungmenni og eru sömuleiðis líklegri til að lenda í NEET-hópnum en aðrir (Kalleberg, 2009; Lewis o.fl., 2015; TUC, 2008; Varða, 2021). Hins vegar á

grundvelli almennt undirskipaðrar stöðu kvenna á vinnumörkuðum (Castellano og Rocca, 2014; European Commission, e.d.). Samspil þessara þátta veldur nokkurs konar margföldunaráhrifum þar sem kyngervi þeirra og uppruni skarast og grefur enn frekar undan forsendum kvenna af erlendum uppruna í samfélögum.

Aðstöðumunur innfæddra og þeirra sem eru af erlendum uppruna grundvallast af margvíslegum þáttum og raunar liggja ýmsir samverkandi þættir að baki. Það er því ekki eingöngu svo að ungmenni af erlendum uppruna séu á sjálfstæðan hátt líklegri en önnur ungmenni til að lenda í NEET-hópnum, búa við fátækt eða lakari kjör en aðrir hópar. Raunar verka þættir á borð við viðhorf og kröfur samfélagsins og stofnana saman og grafa undan aðstæðum hópsins.

Krafa um íslenskukunnáttu innflytjenda er til dæmis nærtækt dæmi í íslensku samfélagi sem er bæði stofnanabundin en einnig tilkomin frá íslenskum almenningi. Í tengslum við breytta lýðfræðilega samsetningu íslensks samfélags og sístækkandi hlutfalls innflytjenda hefur tungumálið, og sér í lagi meintur skortur innflytjenda á íslenskukunnáttu, verið eitt mesta deilumálið (Unnur Dís Skaptadóttir, 2007). Hugmyndin um að aukinn fjöldi innflytjenda ógni stöðu íslenskunnar hefur þannig verið töluvert útbreidd meðal Íslendinga. Að sama skapi tengist krafan um íslenskukunnáttu þjóðernislegum hugmyndum, á grundvelli smæðar og langrar sögu tungumálsins. Íslenska, með öðrum orðum, er ákveðið verkfæri sem Íslendingar virðast nota til að ákvarða hver sé „alvöru“ Íslendingur og hver ekki (Guðmundur Hálfðánarson, 2005).

Þessi afstaða er þó ekki eingöngu tengd huglægum skoðunum Íslendinga því hugmyndin er einnig stofnanabundin og birtist í reglum um íslenska tungu sem eiga að vernda tungumálið. Þótt þessi krafa eða afstaða gagnvart útlendingum sé sérstaklega sterk á Íslandi virðist þessi tilhneiging í auknum mæli einnig fyrirfinnast víða í Evrópu. Hún endurspeglast í aukinni kröfu um að innflytjendur læri opinbert tungumál viðkomandi landa til að öðlast hin ýmsu borgaralegu réttindi (Brochmann og Hagelund, 2012; Unnur Dís Skaptadóttir og Pamela Innes, 2017).

Í íslensku samhengi þurfa innflytjendur sem koma frá aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (EEA) þó ekki að fara í tungumálanám til að öðlast atvinnu- og dvalarleyfi. Vilji innflytjendur hins vegar verða íslenskir ríkisborgarar er á hinn bóginn gerð krafa um að viðkomandi þreyti íslenskupróf og sýni með þeim hætti aðlögun sína að íslensku samfélagi. Þrátt fyrir þessa ríku kröfu sem er gerð um tungumálakunnáttu eru forsendur innflytjenda til að læra íslensku töluvert takmarkaðar þar sem greiðsluþátttaka íslenska ríkisins er engin. Innflytjendur þurfa því að bera kostnaðinn við slíkt nám sjálfir ólíkt því sem tíðkast til að

mynda í Svíþjóð og Noregi.¹ Að sama skapi kemur íslenska ríkið ekki að skipulagningu slíkra námskeiða (Unnur Dís Skaptadóttir og Pamela Innes, 2017).

Rannsókn Unnar Dísar Skaptadóttur og Pamelu Innes (2017) á upplifunum og reynslu innflytjenda af íslenskunámi bendir til þess að þó að íslenskukunnátta sé ein áhrifamesta leið innflytjenda að íslensku samfélagi og ríkri samfélagslegri þátttöku þá sé skortur á tungumálinu einnig ein helsta útilokunaraðferð samfélagsins. Tungumálakunnátta er í raun notuð, með þessum hætti, sem verkfæri til að útiloka innflytjendur frá samfélögum.

¹ Flóttafólk og atvinnulausir innflytjendur eru undanskildir kostnaði við íslenskunám.

2 Aðferðir og gögn

Rannsókn þessi byggist á eigindlegri nálgun þar sem markmiðið er að fá innsýn inn í reynsluheim og upplifanir þátttakenda. Nálgunin snýr að því að öðlast djúpan skilning á félagslegum ferlum, samhengi hlutanna og upplifun viðmælanda. Þessi aðferðafræðilega afstaða hvílir á því að rannsakendur tileinki sér *Verstehen*-hugmyndafræði sem felur í sér þá hugmynd að mikilvægt sé að skilja og sjá tilveruna með augum viðmælanda. Þegar þessari hugmyndafræði er beitt þarf að gefa sér að ekkert sé sjálfgefið og nálgast viðfangsefnið með opnum huga og setja þannig hið sjálfgefna í sviga (Hennink o.fl., 2011).

2.1 Viðmælendur

Val á þátttakendum er byggt á tengslum rannsakenda við óformlega hliðarverði (e. *informal gatekeepers*) úr röðum innflytjenda á Íslandi sem veittu rannsakendum aðgang að einstaklingum sem uppfylltu þátttökuskilyrði rannsóknarinnar.¹ Leitast var við að samsetning viðmælendahópsins endurspegladi að einhverju leyti fjölbreytileika innflytjenda á Íslandi með því að velja einstaklinga frá ólíkum löndum. Viðmælendahópurinn í þessari rannsókn samanstendur af fimm ungum konum á aldrinum 24-28 ára sem eru allar innflytjendur á Íslandi. Hópurinn er fjölbreyttur að mörgu leyti og hafa viðmælendur verið búsettir á Íslandi á bilinu eitt til fjögur ár. Að sama skapi er breytilegt hvort konurnar séu eða hafi verið í NEET-hópnum og hversu lengi NEET-tímabil þeirra hefur staðið yfir. Þó viðmælendur séu allar frá ólíkum löndum (Bretlandi, Tékklandi, Bandaríkjunum, Slóvakíu og Litáen) eiga þær margt sameiginlegt og til að mynda eru allar konurnar með nokkuð svipaða félagssefnahagslega stöðu. Þær eru til dæmis allar háskólamenntaðar nema ein, allar hvítar frá velsældarríkjum.

2.2 Framkvæmd

Rannsóknin er byggð á hálfstöðluðu rýnihópsviðtali sem framkvæmt var þann 1. júlí 2021 við fimm ungar innflytjendakonur sem höfðu reynslu af því að vera utan vinnumarkaðar og skóla. Stuðst var við viðtalsramma sem var hannaður með það fyrir augum að draga fram upplifanir og reynslu viðmælanda. Í upphafi viðtalsins voru markmið og gildi rannsóknarinnar kynnt munnlega í nokkurs konar inngangi að viðtalinu. Enn fremur var þátttakendum sagt hvernig farið yrði með persónuupplýsingar, að viðtalið yrði aldrei birt í heild sinni, hvers ætlast væri til

¹ Til að geta tekið þátt í rannsókninni þurftu mögulegir viðmælendur að vera enskumælandi konur af erlendum uppruna á aldrinum 18-30 ára og vera eða hafa á einhverjum tímabili verið í NEET-hópnum í að minnsta kosti sex mánuði.

af viðmælendum auk þess sem skilyrðislaus réttur þátttakenda til að hætta þátttöku hvenær sem er í rannsóknarferlinu var kynntur. Þátttakendur fengu enn fremur 5.000 króna gjafabréf úr banka sem táknrænan þakklætisvott fyrir þátttökuna. Í kjölfarið var viðmælendum afhent upplýst samþykkisskjal til undirritunar og á bakhlið þess var einnig að finna sömu upplýsingar og greint hafði verið frá munnlega, auk ítarlegri upplýsinga um rannsóknina og fyrirkomulag hennar. Að lokum voru þátttakendur beðnar um samþykki á upptöku viðtalsins.

2.3 Úrvinnsla

Að viðtalinu loknu var það hljóðritað og viðmælendum gefin dulnefni strax og öll auðkennandi einkenni sömuleiðis falin. Í kjölfarið var viðtalið þemagreint með það fyrir augum að draga fram þau þemu sem spruttu fram í viðtalinu. Greiningarferlið sem slíkt hófst við framkvæmd viðtalsins en hin eiginlega þemagreining hófst með opinni kóðun (e. *open coding*) þar sem gagnasafnið var djúpleið og dregið saman í bráðabirgðagreiningarflokka eða svokallaða kóða (Neuman, 2014). Í kjölfarið voru þemun skilgreind frekar með öxulkóðun (e. *axial coding*) sem er annað stig eigindlegrar kóðunar þar sem rannsakandi ber kennsl á grundvallargreiningarflokkana með því að skipuleggja og tengja saman kóða (Neuman, 2014). Þannig var leitast við að gæta samræmis milli gagna og greiningar með því að tengja saman þá kóða sem tengjast innbyrðis með það að leiðarljósi að draga úr skörun milli ólíkra þema. Þemum var í kjölfarið skipt upp í yfir- og undirþemu og tengd beint við ummæli viðmælenda sem hafa verið þýdd úr ensku yfir á íslensku. Að lokum var viðtalið djúpleið að nýju og kóðunin endurskoðuð með réttmæti þemanna og framsetningarinnar að leiðarljósi.

2.4 Siðferðileg álitamál og helstu takmarkanir

Helstu takmarkanir þessarar rannsóknar snúa að því að rannsakendur eru íslenskar konur en þátttakendur ungar konur af erlendum uppruna. Að sama skapi er töluverður fjöldi óvirkra kvenna af erlendum uppruna sem er ekki enskumælandi og hugsanlegt að upplifanir og reynsla þeirra sem tala ekki ensku sé með einhverjum hætti frábrugðin upplifunum annarra. Loks er mögulega hætt við því að merking og upplifun enskumælandi viðmælenda tynist í íslenskri þýðingu.

Þar sem markmiðið er að skilja viðmælendur út frá þeirra sjónarhorni hafa rannsakendur tileinkað sér hugmyndafræði Verstehen og leggja þannig upp úr því að setja sig í spor viðmælenda við úrvinnslu viðtalsins (Hennink o.fl., 2011; Neuman, 2014). Enn fremur telja rannsakendur mikilvægt að leitast við að vera meðvitaðar um stöðu sína gagnvart viðfangsefninu. Auk þess að reyna eftir fremsta megni að gera sér grein fyrir áhrifum

félagslegra þátta á borð við stétt, kyngervi, kynhneigð, fötlun og ófötlun við vinnslu rannsóknarinnar.

3 Niðurstöður

Lagt var upp með að varpa ljósi á þær hindranir sem standa í vegi fyrir NEET-konum með innflytjendabakgrunn í íslensku samfélagi. Við þemagreiningu rýnihópsviðtalsins spruttu fram tvö meginþemu sem tengjast þeim flóknu hindrunum sem konurnar upplifa og koma í veg fyrir ríka samfélagsþátttöku þeirra.

- Samfélagslegar hindranir
- Stofnanabundnar hindranir

Niðurstöðukaflinn hér skiptist í tvo yfirkafla eftir þemunum sem komu fram við úrvinnslu viðtalsins. Þar er greint ítarlega frá birtingarmyndum þemanna og undirþemu rædd.

3.1 Samfélagslegar hindranir

Fyrsta þemað tengist viðmóti íslensks samfélags gagnvart útlendingum og hefur fjölbreyttar birtingarmyndir. Sér í lagi í gegnum ríka kröfu um íslenskukunnáttu en einnig í skorti á þolinmæði, fordómum, niðurlægingu og skilningsleysi á framlagi innflytjenda til samfélagsins. Þessir þættir eru samverkandi og í raun mætti segja að þeir lögmæti útilokandi framferði Íslendinga gagnvart innflytjendum á grundvelli uppruna.

Í rýnihópsviðtalinu kom þannig skýrt fram í máli viðmælenda að þær upplifðu mikinn þrýsting til að læra tungumálið, bæði frá nánasta tengslaneti sínu (t.d. tengdafjölskyldu) og frá almenningi í störfum sínum. Til að mynda lýstu tveir þátttakendur í rannsókninni, sem báðar hafa átt íslenska tengdforeldra, upplifunum sínum af þessum þrýstingi í viðtalinu. Önnur kvennanna benti einnig á ósamræmið sem felst í þessari kröfu þegar hún greindi frá því að Íslendingar virðist ekki hafa þolinmæði gagnvart útlendingum sem eru að læra íslensku en leggja engu að síður mikla áherslu á að innflytjendur eigi samt að kunna íslensku. Hún sagði þannig um samskipti sín við fyrrverandi tengdafjölskyldu sína:

Fjölskyldan hans var indæl, þau sýndu mér hlýju en að sama skapi var alltaf einhvers konar fjarlægð (...) ég veit ekki, ég geri ráð fyrir að það hafi verið menningarleg fjarlægð. Þau lögðu mikla áherslu á að ég myndi læra íslensku og ég reyndi og gat hálfpartinn átt í samskiptum [á íslensku] en að sama skapi höfðu þau ekki þolinmæðina því ég gat ekki borið fram.

Hinn viðmælandinn tók í sama streng og sagði að fjölskylda makans hefði oft haft orð á því að hún „ætti nú þegar að kunna meiri íslensku (...)“. Þessi krafa um tungumálið er þó ekki

eingöngu bundin við samskipti við fjölskylduna og birtist einnig sterkt í þeim þjónustustörfum sem konurnar hafa sumar hverjar sinnt. Viðmælendurnir voru allir sammála því að mjög algengt væri að Íslendingar létu í ljós skoðanir sínar á útlendingum við slíkar aðstæður. Ein kvennanna lýsti því þegar hún starfaði á kaffihúsi og sagði:

Ég byrjaði að finna fyrir því að sumir Íslendingar eru móðgaðir þegar þeir koma og panta kaffi og við [innflytjendur] getum ekki sagt upphæðina í krónum á íslensku, og þetta er vandamál jafnvel þótt þau geti talað ensku mjög vel.

Það kom þó einnig skýrt fram í viðtalinu að viðmælendur hefðu að mörgu leyti skilning á því að Íslendingar vilji tala íslensku í heimalandi sínu, sér í lagi þegar um ræðir eldra fólk sem á erfitt með að tjá sig á ensku, í þjónustu við viðkvæma hópa eða þegar aðstæður kalla einfaldlega eftir íslenskukunnáttu. Aftur á móti upplifðu viðmælendur kröfuna um íslensku mjög ósanngjarna í tilfellum þar sem ekki er þörf á íslensku eða þegar um er að ræða störf sem Íslendingar, upp til hópa, neita að taka að sér. Þessi ósanngjarna krafa sést skýrt í frásögn eins viðmælendans um störf sín í túristaverslun. Þar eru nær allir viðskiptavinir erlendir og því ekki neikvætt að tala ekki íslensku í slíku starfi. Raunin er sú að Íslendingar virðast gera kröfu um íslenskukunnáttu innflytjenda óháð aðstæðum. Hún sagði:

Ég var að vinna í túristaverslun sem var bara eins og annar heimur (...) vinna með útlendingum, að selja útlendingum dót. Samt gerðist það nokkrum sinnum að einhverjir Íslendingar komu inn og byrjuðu að tala eitthvað á íslensku og ég sagði „afsakið, gætum við talað á ensku?“ og sumir þeirra fóru þá bara sem var hræðilegt.

Önnur hafði oft lent í þessum aðstæðum og lýsti því hvernig var að starfa á fínun veitingastað sem enskumælandi innflytjandi og sagði:

Ég var alltaf mjög afsakandi, þú veist [sagði] „Hæ, ég tala ensku, er það að fara að vera í lagi?“ (...) svo gerðist það öðru hverju að [Íslendingarnir sögðu] „Láttu mig fá nýjan þjón, ég er ekki að fara að tala við þig“ (...) þetta gerðist mjög oft og var mjög, mjög niðurlægjandi.

Annar viðmælandi upplifði að sama skapi að það væri mikill munur á því að vinna í ferðamannaiðnaði sem útlendingur á Íslandi í kjölfar COVID-19. Þannig breyttist vinnuumhverfi konunnar og upplifun töluvert í kjölfar þess að Íslendingar urðu á svipstundu meginþorri viðskiptavina þar sem hún starfaði. Hún hafði fram að því haft nokkuð góða reynslu og upplifun af því að vinna á Íslandi og ekki fundið fyrir útlendingaandúð. Hún sagði:

Í þetta sinn var þetta dálítið ólík upplifun vegna þess að það var mikið af íslensku fólki að ferðast, sérstaklega austur á land. Það var ekki mikið af [erlendum] túristum og jafnvel þótt þau [íslenska ferðafólkið] væru oftast vön því, sérstaklega á Austurlandi, að starfsfólkið sé allt af erlendum uppruna, þannig að þau tala ekki íslensku, þá lenti ég því miður í aðstæðum þar sem mér var sagt: „Þú átt ekki að vera hérna því þú talar ekki íslensku“ og þau vildu bara tala við einhvern sem talaði íslensku. Það var öskrað á mig og hlegið að mér (...).

Hún hélt áfram og sagði frá því hvernig þessi afstaða væri í rauninni óraunhæf þar sem Íslendingar vilja ekki vinna við þessi störf. Hún sagði: „Ég hef alveg skilning á þessu en þið verðið að skilja að íslenskt fólk vill ekki vinna þessi störf og þau vilja ekki vinna hér.“ Þetta virðist einnig liggja þungt á öðrum viðmælenda sem sagði frá því hvernig hún upplifði að „góður“ eða „verðugur“ innflytjandi væru þau sem lærðu tungumálið. Hún lýsti þessu svona:

Mér líður stundum eins og fólk viti að það að læra íslensku sé erfitt og svo segja þau „Okey, ef þú lærir [tungumálið] þá vitum við í raun og veru að þér sé alvara með að vera hérna og þá áttu það skilið [að búa á Íslandi]“.

Að sama skapi upplifa viðmælendur að krafan um íslenskukunnáttu sé stórkostlega ósanngjörn í ljósi þess að forsendur þeirra til að æfa sig og læra tungumálið séu brostnar þar sem Íslendingar séu óþolinmóðir og nenna ekki „brotinni“ íslensku. Einn viðmælendanna sagði til að mynda um þetta:

Þegar Íslendingar segja að þú verðir að læra íslensku þá vilja þau samt ekki hlusta á íslenskuna mína, þau hafa ekki þolinmæðina. Þú veist, og þegar ég tala íslensku þá þarf ég að endurtaka mig þar sem ég get ekki borið fram „r“ (...) og þau verða óþolinmóð og pirruð á mér (...) ég held það ætti að stuðla að því menningarlega að vera þolinmóð við innflytjendur (...) Þú veist, ef ég er raunsæ, þá er engin okkar nokkurn tímann að fara að tala íslensku reiprennandi, þú veist. Það er bara ekki að fara að gerast, við getum verið í skóla að læra hana en verðum aldrei fullkomlega altalandi. Þannig að mér finnst að allt þetta tal um að „þú verður að tala íslensku“ þurfi að hætta.

Á sama tíma og Íslendingar gera miklar kröfur á innflytjendur að aðlagast íslensku samfélagi lýstu viðmælendur því enn fremur að viðhorf gagnvart útlendingum í íslensku samfélagi einkennist einnig af vanmati á framlagi þeirra og sömuleiðis vanþakklæti. Ein kvennanna lýsti því til að mynda hvernig hún upplifir að Íslendingar líti á það sem greiða við innflytjendur að borga þeim laun. Hún sagði:

Mér líður hálfpartinn eins og að oft þegar Íslendingar ráða fólk til að vinna eða eitthvað þá hugsa þau um að borga þér [útlendingum] eins og þau séu að gera þér greiða. Þú veist þú bókstaflega þarft að segja: „Takk kærlega fyrir að borga mér, þú veist fjórum dögum of seint en ekki tveimur vikum of seint.“

Fleiri tóku undir þessa lýsingu og sögðu að hún endurspegladi viðhorf Íslendinga gagnvart útlendingum og sér í lagi ákveðna kröfu um að innflytjendur séu þakklátir og í raun „heppnir“ fyrir að fá yfirhöfuð að vinna og fá fyrir það greidd laun. Önnur lýsti sambærilegri reynslu af samskiptum sem hún hafði átt við atvinnurekenda sinn fyrir um daginn og sagði:

Hann sagði að við myndum fá greitt í dag en síðan sendi hann mér SMS og sagði: „Æi, kannski á morgun“, og þú veist hvað meinarðu með kannski? (...) Við erum með reikninga sem þarf að borga alveg eins og Íslendingar. Við erum öll fólk og við höfum öll skyldur og reikninga sem við þurfum að borga. Þú veist, af hverju er ekki hægt að standa við tímamörkin?

Hún hélt áfram og sagði:

Ég vildi óska þess að það væri kannski meira þakklæti því útlendingar koma raunverulega hingað og sinna þessum störfum sem þau [Íslendingar] vilja hvort sem er ekki sinna og síðan eru þau uppfyll af einhverri þjóðernishyggju og horfa niður á okkur.

Viðmælendur upplifa sig á einhvern hátt standa fyrir utan íslenskt samfélag og í rauninni ekki sem fullgilda meðlimi þess. Þessi upplifun hvílir að sögn viðmælenda alfarið á neikvæðu viðmóti Íslendinga í garð þeirra. Ein kvennanna sagði til að mynda frá því að hún upplifði sig aldrei almennilega sem part af íslensku samfélagi og að hún hefði á sínum tíma grínast með að eina leiðin til að raunverulega komast inn í íslenskt samfélag væri að eignast barn með Íslendingi en svo þegar það hafi gerst þá hafi viðmót samfélagsins samt ekki breyst. Hún félli enn utan íslensks samfélags og finni enn fyrir aðgangsstýringu að íslensku samfélagi jafnvel þótt hún eigi íslenskt barn og íslenskan maka.

Þá kom einnig fram í frásögnum kvennanna að þær upplifðu neikvætt viðmót Íslendinga gagnvart þeim og óraunhæfar kröfur þeirra væru afar letjandi. Þessi þættir drægju úr vilja þeirra til að læra íslensku. Þannig kom fram í frásögn tveggja viðmælenda, við undirtektir annarra, að flestir sem koma hingað hafi í upphafi mikla löngun til að læra tungumálið og aðlagast íslenskri menningu en viðmót Íslendinga og hatursfullar athugasemdir verði til þess að þær upplifi tungumálið og íslenska menningu á neikvæðan hátt. Sömuleiðis sé erfitt að bera virðingu fyrir hefðum og tungumáli Íslendinga þegar þeim sé ítrekað mætt með fordómum.

3.2 Stofnanabundnar hindranir

Stofnanabundnu hindranirnar eru að mörgu leyti áþreifanlegri en þær samfélagslegu og endurspeglar kerfisbundinn og útbreiddan félagslegan ójöfnuð. Stofnanabundnar hindranir virðast hafa víðtæk áhrif á tækifæri og forsendur kvennanna. Áhrifin eru fjölbreytt og verka sem aðgangsstýring að gæðum samfélagsins, sér í lagi í gegnum kröfu um íslenskukunnáttu og efnahagslegar takmarkanir. Fjallað er um stofnanabundnar hindranir út frá þremur þáttum eða samkvæmt þeim undirþemum sem spruttu fram í viðtalinu.

- Aðgangsstýring að þjónustu og öðrum gæðum
- Hindranir á vinnumarkaði
- Hindranir í menntakerfi

Aðgangsstýring að þjónustu og gæðum í samfélaginu

Konurnar lýstu því hvað stendur í vegi þeirra til að þær geti notið sömu þjónustu og gæða í samfélaginu og annað fólk. Ein kvennanna upplifði til dæmis mikla fyrirstöðu og aðgangsstýringu að úrræðum vegna andlegrar heilsu sinnar á grundvelli tungumálsins. Þannig var henni lofað að komast að í úrræði í heilbrigðisgeiranum en sagt að hún yrði sett á langan biðlista og að hún þyrfti „bara“ að þrauka í gegnum þann tíma. Hún lýsti raunum sínum og sagði:

Árið 2018 var mér lofað að komast í meðferð [í lækningaskyni] sem þau vildu mjög mikið að ég færi í [þau sögðu]: „Oh, þú veist það er eins og hálf árs bið en þú ert að fara í þetta (...) þú ert á biðlista til að komast inn.“ Sérfræðingurinn minn var alveg: „Já þú þarft bara að tóra þangað til.“ Síðan þegar þetta eina og hálf ári var liðið þá sögðu þau: „Æi, við getum ekki boðið þér þessa meðferð því við erum ekki með hana á ensku og íslenskan þín er ekki fullnægjandi.“

Önnur kona hafði svipaða upplifun af heilbrigðiskerfinu hér á landi þegar hún þyrfti að komast að hjá meðferðaraðila í kjölfar áfalla sem hún varð fyrir á íslenskum vinnumarkaði. Hún sagði:

Það er mjög mikið af tómunum lofordum í heilbrigðisgeiranum. Ég er búin að vera með mjög slæman kvíða (...) þannig ég fór til læknisins míns (...) og fékk lyf og þau létu mig fá sálfræðing sem gaf mér einn tíma og ég spurði: „Er það að fara að vera í lagi því ég tala ensku?“ Og hún sagði: „Já, þess vegna er ég hér.“ Síðan fékk ég einn tíma í viðbót (...) og síðan hætti hún að svara símtölunum mínum.

Annar þátttakandi í rannsókninni undirstrikaði þetta þegar hún var beðin um að nefna mikilvægustu þættina sem myndu bæta aðstæður óvirkra kvenna af erlendum uppruna. Hún sagði:

Það fyrsta væri klárlega tungumálafyrirstaðan því þú finnur að ef þú ert með tungumálafyrirstöðuna þá geturðu ekki haft sama aðgang að öllum stofnunum og heilbrigðiskerfinu og öllum þeim stuðningi sem þú í raun og veru þarft bara til að geta haft mannsæmandi lífsskilyrði.

Það virðist á einhvern hátt vera gegnumgangandi innan fjölda íslenskra stofnana að tungumálið eða skortur á íslenskukunnáttu sé notað gegn fólki. Einn viðmælendanna sagði til dæmis frá upplifun sinni af því að láta íslenskan eiginmann sinn tala fyrir sína hönd og hvernig viðmótið gjörbreyttist. Hún sagði:

Mér líkar virkilega ekki við Vinnumálastofnun hérna (...) Mér finnst þau ótrúlega bara draga bara allt í efa sem er ekki, þú veist, íslenskt. En eina leiðin til að koma einhverju í gegn [er að fá eiginmann minn til að tala] (...) Mér finnst eins og mikið af þessum stofnunum þú veist hjá yfirvöldum, félögum og bara hjá öllum noti hræðslutaktík gagnvart útlendingum. Þú veist þau bókstaflega láta þér líða eins og þú sért við það að vera sparkað út [úr landi] eða aldrei að fara að sjá neina peninga eða aldrei hitt og þetta en um leið og eiginmaður þinn hringir og talar íslensku þá eru þau bara: „Þetta er ekkert mál, jara jara, jara, eigðu frábæran dag.“

Viðmælendur voru mjög samstíga hvað viðmót stofnana varðar og tók til að mynda önnur í sama streng og benti á að oft væri þjónustan verri ef maður talaði ekki íslensku.

Maður getur oft séð að bara því þú talar ekki íslensku þá er þér bara sveiflað í burtu með [því að segja]: „Við vitum ekki hvernig á að hjálpa þér“ eða „Já, þetta er líklega að fara að taka meiri tíma“. Eða þú veist það er alltaf einhver fyrirstaða sem ætti ekki að vera til staðar sem byggir á uppruna þínum þannig að það er mjög erfitt að sjá hvað er að gerast.

Viðmælendur voru einnig spurðar að því hvað þær teldu geta bætt aðstæður sínar og þá kom fram að það þyrfti að laga þessi göt í þjónustunni við innflytjendur og að tryggja betur upplýsingaflæði. Raunar væri það svo að flest mikilvæg skjöl og gögn væru alla jafna á íslensku og því staðreynd í íslensku samfélagi að aðgengi að mikilvægum upplýsingum sé ólíkt eftir tungumálakunnáttu einstaklinga. Að sama skapi þyrfti að uppræta neikvæð viðhorf samfélagsins í garð útlendinga og tryggja að allir útlendingar fengju sömu meðferð. Þær

upplifðu þannig að ákveðnir útlendingar fengju betri meðferð á grundvelli tengsla við mikilvæga Íslendinga. Einn viðmælendanna sagði til dæmis frá því að kunningi sinn hefði fengið varanlegt dvalarleyfi eftir tveggja mánaða dvöl á Íslandi vegna tengsla við þekktu Íslendinga og virtar stofnanir. Aðrir þátttakendur í rannsókninni tóku undir þessa frásögn og bentu á að sumir fengju sérstaka meðferð sökum tengsla sinna í íslensku samfélagi. Í kjölfarið sagði annar viðmælandi:

Aðgangur að öllu hér (...) sem venjulega ætti að vera aðgengilegt fyrir alla en er það augljóslega ekki ef þú ert ekki, þú veist, af íslenskum uppruna eða ef þú hefur ekki verið hérna nægilega lengi til að þekkja tungumálið eða fólkið. Því oft er það þannig að ef þú ert með réttu tengingarnar eða hefur einhvern sem er tilbúinn til að hjálpa þér þá getur þér farnast vel. En því miður þá þarf margt fólk þegar það byrjar hér að byrja alveg frá grunni og þau þurfa bara að finna út úr öll sjálf og það fær bara ekki nægilega mikla hjálp til að hálfpartinn komast á þann stað að það njóti sömu lífsskilyrða og íslenskir ríkisborgarar.

Annar viðmælandi sagði frá því að hún upplifi umgjörð útlendingamála vera gallaða og stuðla að undirskipan kvenna. Hún hafði fengið tímabundið dvalar- og atvinnuleyfi þar sem hún er gift Íslendingi en til að byrja með var atvinnuleyfið bundið við kennitölu eiginmanns hennar sem gerði hana mjög varnarlausu fjárhagslega og háða maka sínum. Stéttarfélagsaðild var til að mynda ekki inni í myndinni sem kom til með að hafa umtalsverðar afleiðingar fyrir hana þegar fyrirtæki sem hún starfaði fyrir fór á hausinn í kjölfar kórónuveirufaraldursins. Hún sagði um þessa reynslu:

(...) því miður fór [fyrirtækið] á hausinn og þau [samstarfsfélagar hennar] voru öll í stéttarfélagum en þar sem ég var ekki komin með kennitölu þá var ég ekki í stéttarfélagi sem var glatað því ég missti tveggja mánaða laun og enginn gat gert neitt í því.

Þar sem hún er að bíða eftir ríkisborgararétti þá hefur hún einfaldlega ekki aðgang að því sem stendur öðrum alla jafna til boða og býr við töluvert óöryggi. Hún lýsti upplifun sinni af fjárhagslegu óöryggi í tengslum við þetta og sagði:

Þar sem ég er að bíða eftir ríkisborgararétti þá get ég ekki sótt um atvinnuleysisbætur og ég get ekki fengið neina pening frá ríkinu þannig að ég hef eytt síðustu átta mánuðum með engar tekjur nema tekjur eiginmanns míns.

Hún hélt áfram og benti einnig á að kerfið væri meingallað og að flest gögn frá Útlendingastofnun væru á íslensku og að sömuleiðis gæti starfsfólk þar varla talað við hana á

ensku né hjálpað henni yfirhöfuð sem sé kaldhæðnislegt í ljósi eðlis stofnunarinnar. Vegna þessa fyrirkomulags hefur hún þurft að leggja út töluverða fjármuni en fær samt enga aðstoð. Hún sagði til að mynda: „Annaðhvort færðu enga hjálp eða þú eyðir svo miklum peningum í að reyna að fá hjálp.“

Aðgangsstýring að íslenskum vinnumarkaði

Viðmælendur lýstu takmörkuðum forsendum sínum á íslenskum vinnumarkaði og ljóst er að birtingarmyndir aðstæðna þeirra eru fjölbreyttar. Ein kvennanna sagði frá því að hún upplifði að eini raunhæfi möguleiki hennar á vinnumarkaði væri í ferðamannaiðnaði þrátt fyrir að hún væri háskólamenntuð. Hún lýsti þessari upplifun og sagði:

Ég var atvinnulaus og á meðan þeim tíma stóð áttaði ég mig á því að ef þú vilt vera í vinnu hér á Íslandi og þig langar ekki að vinna í túristabransanum aftur og þú talar ekki íslensku þá er það raunverulega ómögulegt. Ég vildi ekki vinna í þessum geira lengur því ég var að hugsa að ef ég ætla að vera hérna [á Íslandi] þá vil ég bara vera í vinnu sem tengist menntuninni minni og ég er með háskólagráðu, ég hef reynslu, ég vil bara finna (...) starf sem tengist reynslunni og menntuninni sem ég hef.

Hún hélt áfram og lýsti því hvernig væri að vera erlendur atvinnuleitandi á Íslandi:

Ég fékk einhver svör sem [hljómuðu svona]: „Ó, já, við höfum mikinn áhuga og þú ert með reynsluna“ en í hvert einasta skipti endaði þetta [svona]: „Okkur þykir það leitt en þú talar ekki íslensku og við þurfum einhvern sem talar íslensku.“ Jafnvel þó að þessi fyrirtæki væru að fást við alþjóðleg verkefni eða þú veist, þar sem gert var ráð fyrir ensku sem aðaltungumálinu. Í hvert einasta skipti valt þetta á þessum sama hlut [tungumálinu].

Annar háskólamenntaður viðmælandi upplifir einnig útlökun frá störfum sem hún hefur áhuga á á grundvelli tungumálsins. Konan sagði til að mynda frá því að íslenskur unnusti hennar starfaði sem einhvers konar ráðgjafi í félagslega geiranum sem sé starf sem hún gæti auðveldlega sinnt og væri mjög hæf þar sem hún hefur lokið grunnnámi á sviðinu. Enn fremur séu notendur þjónustunnar margir hverjir ekki einu sinni íslenskir. Að sama skapi stæði starfið ekki til boða vegna þess að skrifa þurfi skýrslu í lok hverrar vaktar á íslensku um það sem átti sér stað á vaktinni. Hún þyrfti einnig að geta lesið slíka skýrslu í upphafi vaktar. Hún telur að hægt væri að leysa þennan vanda ef fólk myndi mæta útlendingum með opnari huga en eins og staðan sé núna þá strandi atvinnutækifæri hennar aftur og aftur á tungumálinu.

Enn fremur lýstu tveir viðmælendur rannsóknarinnar því hvernig þær upplifðu að skortur á íslenskukunnáttu hefði verið nýttur til að veita þeim ekki áframhaldandi tækifæri á

vinnustöðum. Til dæmis lýsti önnur kvennanna því hvernig starf á frístundaheimili sem hún var mjög glöð með að hafa fengið var í rauninni látið renna henni úr greipum á grundvelli þess að hún talaði ekki íslensku nægilega vel. Hún sagði:

Ég var mjög glöð þegar ég fékk í raun og veru starf í skóla, í grunnskóla, það var næs en mér sárnaði. En ég veit ekki, mér leið eins og gæti í rauninni ekki gert mikið með krökkunum þar sem ég tala ekki íslensku og þau [atvinnurekandinn] notuðu það hálfpartinn gegn mér.

Hún lýsti því enn fremur að henni hefði ekki verið sagt upp en að ráðningarsamningurinn hefði einfaldlega verið látinn renna út og ekki endurnýjaður. Hin konan sem hafði keimlíka reynslu sagði frá því að henni hefði verið sagt upp af frístundaheimili í kjölfar þess að hún veiktist nokkuð alvarlega og var lögð inn á spítala en hafði ekki látið atvinnurekanda vita strax. Hún upplifði í rauninni að yfirmennirnir hefðu nýtt tækifærið og sagt henni strax upp vegna þess. Aftur á móti væri raunveruleg ástæða uppsagnarinnar skortur á íslenskukunnáttu.

Aðgangsstýring að íslensku menntakerfi

Það liggur fyrir að þessar stofnanabundnu hindranir hafa víðtæk áhrif og ekki síst þegar kemur að menntakerfinu. Viðmælendur ræddu til að mynda kröfuna um íslenskukunnáttu í þessu samhengi og einn viðmælendanna benti á að þegar einstaklingar flytjast búferlaflutningum milli landa séu þeir oft ekki fjársterkir sem komi í veg fyrir að þeir læri íslensku, þótt viljinn sé jafnvel fyrir hendi. Að sama skapi séu þetta einstaklingar sem eigi oft ekki réttindi í íslensku stéttarfélagi því þeir hafi ekki hafið störf. Hún sagði um þetta:

Ef þú ert að vinna þá geturðu beðið stéttarfélagið að endurgreiða þér eða eitthvað en mikið af því fólki sem er að koma hingað og vill byrja á því að ná tókum á tungumálinu getur það ekki þar sem þau eru ekki komin í stéttarfélag. Þannig þetta er þannig að mikið að fólki kemur hingað ekki með mikið af peningum í vasanum og sérstaklega [ekki] peningum sem þau eiga efni á að eyða í eitthvað svona [tungumálanámskeið]. Þannig það eru strax komnar hindranir og þú hefur ekki einu sinni byrjað að koma þér fyrir í íslensku samfélagi.

Annar viðmælandi tók í sama streng, við undirtektir annarra, og sagði:

Líka, með tungumálaskólana, ég sé ekki af hverju við ættum að borga fyrir þá, við fáum fullt af kvörtunum um að við séum léleg í íslensku en samt vill enginn kenna okkur.

Í kjölfarið benti sú þriðja á að þetta væri síður en svo ódýr námskeið og að þetta væru miklir peningar þegar maður væri í þeirri stöðu að vera nýfluttur á milli landa. Hindranir í menntun

tengjast þó ekki eingöngu íslenskunámskeiðum þar sem aðgengi kvennanna að háskólamenntun virðist einnig vera mjög takmarkað. Ein kvennanna lýsti því til að mynda hvernig hún upplifði að menntun á Íslandi væri óraunhæf vegna fjárhagslegrar stöðu sinnar. Þótt hún hefði tímabundið dvalar- og atvinnuleyfi þá hefði hún engan rétt á fjárhagsaðstoð úr fjárstuðningskerfum íslenska ríkisins þar sem hún væri bandarísk og því utan EEA. Hún lýsti upplifun sinni svona:

Mér finnst þetta ótrúlegt, ég gæti ekki borgað þetta [háskólanám] þar sem ég get ekki fengið atvinnuleysisbætur né fengið fjárhagsaðstoð neins staðar og ég get ekki fengið námslán frá ríkinu., Það er hálfpartinn enginn möguleiki fyrir mig að fara í nám öðruvísi en að, þú veist, bara vinna mjög, mjög mikið og síðan vona að ég geti bara borgað þetta allt sjálf. Það er, þú veist, enginn stuðningur eða þannig (...) það er í rauninni mjög óraunhæft að geta raunverulega átt efni á því að lifa og fara í skóla, sérstaklega þegar þú hefur ekki verið á vinnumarkaði í svona langan tíma og þú getur ekki fengið neina aðstoð frá ríkinu.

Hún hélt áfram og nefndi hvernig samspil þessara efnahagslegu hindrana í námi og viðmót háskólans leiddi til þess að hún hefði gefist upp á íslensku menntakerfi og sagði: „Ég hef talað við skrifstofuna [í háskólanum] og þau drógu svo úr kjarkinum að maður er eiginlega hættur áður en maður er byrjaður.“ Annar viðmælandi tók í sama streng og sagði:

Ég finn bara fyrir mjög miklum skorti á stuðningi og fólk verður jafnvel reitt að þú biðjir yfirhöfuð um einhvers konar stuðning. Þú veist [þau segja]: „Það er þín ákvörðun að koma hingað í þetta land þannig að þú ættir að bera ábyrgð á sjálfri þér og við munum ekki styðja þig með neinum hætti, þú þarft bara að gera þetta sjálf.“

Í viðtalinu kom jafnframt fram skýr áhugi viðmælenda á að fara í frekara nám hér á landi en að sama skapi hafði engin kvennanna getað það vegna fyrrnefndra hindrana. Skortur á stuðningi kom mjög skýrt fram í frásögnum viðmælenda. Einn viðmælendanna lýsti til að mynda upplifun sinni úr menntakerfinu og sagði:

Ég útskrifaðist úr [námi í] stjórnslu, ég meina það er það sem ég var von að gera en augljóslega gat ég ekki gert það hér því þú veist öll góð störf sem ég vil hér eru raunverulega utan seilingar vegna tungumálaörðugleika. Þannig ég hugsaði með mér ég ætla að fara í {annað nám} og ég man eftir fyrsta deginum þegar ég fór í tíma og sagði: „Oh, ég ætlaði bara að láta þig vita að ég er ensk og hún [kennarinn] sagði við mig: „Ég

mun tala íslensku (...) alla vega allt er á íslensku þannig að þú skilur, er það ekki?“ (...) Ég hætti því ég bara gat þetta ekki, bara vegna tungumálsins og skorts á stuðningi í rauninni.

Annar viðmælandi var með svipaða reynslu en hún er með BA próf í sálfræði og langaði að halda áfram í námi hér á landi en mætti töluverðum hindrunum. Hún lýsti því svona:

Ég fór á skrifstofuna í Háskóla Íslands að tala við manneskjuna á skrifstofunni og var að segja henni frá stöðunni hjá mér og að mig langi virkilega að gera eitthvað (...) á þessu sviði og ef það væri ekki sálfræði þá félagsráðgjöf eða eitthvað þannig því mig langar virkilega ekki að gefast upp á draumum mínum bara vegna þess að ég er á Íslandi. Konan sagði, í grundvallaratriðum, bara: „Já ég geri ráð fyrir að þú getir kannski sótt um BA í íslensku sem annað tungumál og svo vonandi eftir það þá er íslenskan þín nægilega góð þannig að þú getir kannski farið í eitthvað [annað].“

Af frásögn hennar blasir við að þriggja ára nám í íslensku til að geta mögulega farið í framhaldsnám á sínu sviði er töluvert letjandi fyrirkomulag. Hér er tungumálið með beinum hætti notað sem ákveðin tálbeita og loforð um betra líf. Að sama skapi er þessi aðgangsstýring með ólíkindum í ljósi lýðfræðilegrar samsetningar íslensks samfélags og að þörf er á starfsfólki í félagsþjónustu sem getur veitt enskumælandi notendum þjónustunnar ráðgjöf líkt og hefur komið fram í frásögnum kvennanna. Konurnar upplifa enn fremur að gerð sé rík krafa um sjálfsbjargarviðleitni í flóknu kerfi sem sé þeim óaðgengilegt í ljósi þess að stofnanir á borð við ríkisháskóla sýni lítinn vilja til að mæta einstaklingum sem tala ekki íslensku. Ein kvennanna lýsti vonbrigðum sínum og sagði:

Mér þykir það leitt en þetta er starfið þitt og ég þarf hjálp og mér þykir það leitt að ég geti ekki talað á íslensku eða eitthvað en þú ert hér til að hjálpa mér, ekki satt? (...) svo hvers vegna læturðu eins og það sé svona mikil fyrirhöfn fyrir þig?

4 Umræður og lokaorð

Lagt var upp með að kanna upplifanir og reynsluheim NEET-kvenna með erlendan bakgrunn með það að markmiði að greina frá þeim hindrunum sem standa í vegi þeirra í íslensku samfélagi. Megináhersla var lögð á að varpa ljósi á sameiginlega reynslu og upplifun þeirra af því að vera NEET-innflytjandi í íslensku samfélagi. Að sama skapi var lögð áhersla á að leggja mat á þær hindranir sem standa í vegi innflytjendakvennanna. Rannsókn þessi hefur veitt mikilvæga innsýn inn í upplifanir þessara kvenna sem deila að töluverðu leyti svipuðum reynsluheimi þrátt fyrir að hópurinn sé ólíkur innbyrðis.

Hér hefur því verið greint frá upplifunum og frásögnum fimm kvenna með innflytjendabakgrunn sem allar eru annað hvort í NEET-hópnum eða hafa verið það á meðan þær voru búsettar á Íslandi. Niðurstöður úr þemagreiningu rýnihópsviðtalsins gefa til kynna að þær fyrirstöður sem konurnar verða fyrir í íslensku samfélagi séu fjölpættar og samanstandi af mörgum samverkandi þáttum. Niðurstöðurnar sýna að konurnar hafa orðið fyrir kerfisbundinni aðgangsstýringu og útilokun á grundvelli uppruna síns. Útilokunin er annars vegar vegna samfélagslegra hindrana sem tengjast viðhorfi og viðmóti Íslendinga í garð útlendinga sem konurnar upplifa bæði niðurlægjandi og útilokandi. Hins vegar tengist útilokunin stofnanabundnum hindrunum sem virðast aftra konunum frá samfélagslegri þátttöku. Birtingarmyndir þessara hindrana eru sömuleiðis fjölpættar og tengjast bæði aðgengi að þjónustu og gæðum samfélagsins, vinnumarkaði og íslensku menntakerfi, oft á tíðum í gegnum efnahagslega aðgangsstýringu. Krafan um íslenskukunnáttu er rauður þráður í öllum frásögnum þeirra og tengist samfélagslegum og stofnanabundnum hindrunum órjúfanlegum böndum.

Konurnar upplifa fjölpætta útskúfun úr íslensku samfélagi á grundvelli uppruna síns bæði frá íslenskum almenningi og stofnunum samfélagsins. Á sama tíma er gerð krafa um ríka sjálfsbjargarviðleitni í kerfi sem er flókið, óaðgengilegt og óhagstætt útlendingum. Kerfið og stofnanir samfélagsins eru sömuleiðis ósveigjanlegar og virðast ekki endurspeglar lýðfræðilega samsetningu samfélagsins. Konurnar búa við kerfisbundinn ójöfnuð sem kemur í veg fyrir að þær geti tekið fullan þátt í íslensku atvinnulífi og samfélagi.

Þegar frásagnir kvennanna af upplifunum sínum og reynslu af íslensku samfélagi eru til skoðunar blasir við að þær tegundir hindrana sem spruttu fram í þemagreiningu urðu ekki til í tómarúmi. Samspil félagslegra, stofnanabundinna og efnahagslegra þátta leiða til þess að forsendur kvennanna í íslensku samfélagi eru verri en annarra. Með öðrum orðum þá grefur

viðmót samfélagsins í heild undan stöðu kvennanna. Líkt og hefur komið fram vegur krafan um íslenskukunnáttu þyngst hvað þessa þætti varðar og virðist bæði vera nýtt sem loforð um betri líf skjör og tækifæri á sama tíma og skortur á tungumálakunnáttu er notaður sem lögmæting á ójöfnum tækifærum. Að sama skapi eru forsendur kvennanna til að læra tungumálið takmarkaðar, bæði vegna kostnaðar við tungumálanám en einnig vegna óþolinmæði Íslendinga sem virðast skorta biðlund gagnvart „brotinni íslensku“. Enn fremur fara konurnar oft á mis við mikilvægar upplýsingar þar sem áriðandi gögn, skjöl og aðrar upplýsingar eru nær eingöngu á íslensku. Konurnar lýstu sömuleiðis erfiðleikum sínum í samskiptum við stofnanir samfélagsins, jafnvel í tengslum við stofnanir sem hafa það sérstaka hlutverk að þjónusta eingöngu útlendinga. Niðurstöðurnar hér eru í samræmi við það sem rannsóknir á sviðinu hafa sýnt og ljóst að hugmyndin um að íslenskri tungu standi ógn af auknum fjölda útlendinga lifir áfram í íslensku samfélagi (Guðmundur Hálfðánarson, 2005; Unnur Dís Skaptadóttir, 2007).

Aðstæður NEET-ungmenna eru ekki sjálfsprottið vandamál eða tengt persónulegum eiginleikum þess óvirka heldur er um samfélagslegan vanda að ræða sem hvílir einna helst á kerfisbundinni mismunun (Bacher o.fl., 2017; Carcillo o.fl., 2015; Liszka og Walawender, 2018; Ruesga-Benito o.fl., 2018). Aftur á móti liggur fyrir að ekkert virkniaukandi úrræði, eitt og sér, mun draga úr ójöfnuði á grundvelli uppruna eða forskoti innfæddra nema tekið sé mið af ólíkum þörfum og aðstæðum ungmenna. Þau úrræði sem standa til boða í samfélaginu myndu til að mynda ekki bæta aðstæður kvennanna enda ljóst út frá frásögnum þeirra að aðgengi þeirra að hvers lags úrræðum samfélagsins sé verulega takmarkað.

Sé markmiðið að auka virkni þvert á alla þjóðfélagshópa þarf þannig að tryggja jafnt aðgengi að öllum stofnunum samfélagsins og skapa aðstæður þar sem allir, óháð uppruna sínum, geta fundið menntun, atvinnu og nauðsynlega aðstoð við hæfi. Mikilvægi þess að tekið sé mið af ólíkum aðstæðum og þannig reynt að draga úr félagslegum og efnahagslegum ójöfnuði endurspeglast með skýrum hætti þegar litið er til þess að það sé samfélaginu óhagstætt að skapa aðstæður þar sem ákveðnir hópar eru líklegri en aðrir til að flosna upp úr námi og/eða ná ekki fótfestu á vinnumarkaði. Það er samfélaginu alltaf í hag að sem flest séu virk bæði samfélagslega en einnig á vinnumarkaði.

Konurnar höfðu mikinn vilja til að taka fullan þátt í íslensku samfélagi en forsendur til ríkrar samfélagslegrar þátttöku eru bágbornar vegna margvíslegrar og kerfisbundinnar útilokunar þeirra frá íslensku samfélagi á grundvelli uppruna þeirra.

Heimildaskrá

- Bacher, J., Koblbauer, C., Leitgöb, H. og Tamesberger, D. (2017). Small differences matter: How regional distinctions in educational and labour market policy account for heterogeneity in NEET rates. *Journal for Labour Market Research*, 51(1), 1–20.
<https://doi.org/10.1186/s12651-017-0232-6>
- Brochmann, G. og Hagelund, A. (2012). *Immigration Policy and the Scandinavian Welfare State 1945-2010*. Palgrave Macmillan.
- Carcillo, S., Fernández, R., Königs, S. og Minea, A. (2015). *NEET Youth in the Aftermath of the Crisis: Challenges and Policies*. <https://doi.org/10.1787/5js6363503f6-en>
- Castellano, R. og Rocca, A. (2014). Gender gap and labour market participation: A composite indicator for the ranking of European countries. *International Journal of Manpower*, 35(3), 345–367. <https://doi.org/10.1108/IJM-07-2012-0107>
- European Commission. (e.d.). *Women's situation in the labour market*. European Commission - European Commission. Sótt 9. september 2021, af https://ec.europa.eu/info/policies/justice-and-fundamental-rights/gender-equality/women-labour-market-work-life-balance/womens-situation-labour-market_en
- Guðný Björk Eydal og Björk Vilhelmsdóttir. (2019). Hvaða hindrunum mætir ungt fólk sem er utan vinnu og skóla? *Tímarit félagsráðgjafa*, 13(1), 5–12.
- Hagstofa Íslands. (2021). *Atvinnuþátttaka, starfandi, vinnulitlir og atvinnuleysi, hlutfall eftir árum 2003-2020*.
http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__vinnumarkadur__vinnumarkadsrannsokn__3_arstolur/VIN00911.px/table/tableViewLayout1/?rxid=3847f67f-5ba8-44dd-9d35-82e10f8e46df

- Guðmundur Hálfðánarson. (2005). From Linguistic Patriotism to Cultural Nationalism: Language and Identity in Iceland. *Languages and identities in historical perspective*, 55–67.
- Kalleberg, A. L. (2009). Precarious Work, Insecure Workers: Employment Relations in Transition. *American Sociological Review*, 74, 1–22.
<https://doi.org/10.1177/000312240907400101>
- Lewis, H., Dwyer, P., Hodkinson, S. og Waite, L. (2015). Hyper-precarious lives: Migrants, work and forced labour in the Global North. *Progress in Human Geography*, 39(5), 580–600. <https://doi.org/10.1177/0309132514548303>
- Liszka, D. og Walawender, P. (2018). Neet youth—The concept’s presence in European union’s youth employment policy and why it is so problematic-. *Humanities and Social Sciences Quarterly*. <https://doi.org/10.7862/rz.2018.hss.77>
- Hennink, M., Hutter, I. og Bailey, A. (2011). *Qualitativ Research Methods* (1. útg.). SAGE Publications Ltd.
- Neuman, W. L. (2014). *Social Research Methods: Qualitative and Quantitative Approaches* (7. útg.). Pearsons Education Limited.
- OECD. (2021). *Youth not in employment, education or training (NEET) (indicator)*.
<https://doi.org/doi:10.1787/72d1033a-en>
- Ruesga-Benito, S. M., González-Laxe, F. og Picatoste, X. (2018). Sustainable development, poverty, and risk of exclusion for young people in the European Union: The case of NEETs. *Sustainability (Basel, Switzerland)*, 10(12), 4708-.
<https://doi.org/10.3390/su10124708>
- Unnur Dís Skaptadóttir og Pamela Innes. (2017). Immigrant Experiences of Learning Icelandic and Connecting with the Speaking Community. *Nordic Journal of Migration Research*, 7(1), 20–27. <https://doi.org/10.1515/njmr-2017-0001>

TUC. (2008). *Hard work, Hidden lives [the full report of the Commission on Vulnerable Employment]*. Trades Union Congress.

http://www.vulnerableworkers.org.uk/files/CoVE_full_report.pdf

Unnur Dís Skaptadóttir. (2007). Ólíkar raddir: Afstaða innflytjenda til íslenskrar tungu. *Ritið: tímarit Hugvísindastofnunar*, 47(17), 45–61.

TUC. (2008). *Hard work, Hidden lives [the full report of the Commission on Vulnerable Employment]*. Trades Union Congress.

http://www.vulnerableworkers.org.uk/files/CoVE_full_report.pdf

Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins. (2021). *NEET-hópurinn: Staða og bakgrunnur ungmenna af erlendum uppruna utan vinnumarkaðar og skóla*.